



Erindisbréf starfshóps um uppbyggingu við Jaðarsbakka

Hlutverk starfshóps:

Fulltrúar Akraneskaupstaðar í starfshópi um uppbyggingu við Jaðarsbakka eru tilnefndir af bæjarráði. Aðrir fulltrúar eru tilnefndir af Ísold fasteignafélagi ehf. (Ísold), Íþróttabandalagi Akraness (ÍA) og Knattspyrnufélagi ÍA (KFÍA). Hlutverk starfshópsins er að vinna saman að tillögum að stefnumörkun fyrir Jaðarsbakkasvæðið tengt ferðapjónustu í tengslum við áhuga Ísoldar að standa að uppbyggingu hótels, baðlóns og heilsulindar á svæðinu, auk þess að setja fram aðgerðaáætlun til að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Vinnuheiti verkefnisins er *Uppbygging við Jaðarsbakka*.

Aðferðafræði:

Markmið með stefnumótun fyrir Jaðarsbakkasvæðið er að móta skýra sýn á uppbyggingu á svæðinu sem m.a. nýtist til að styrkja uppbyggingu þar á hóteli, baðlóni og heilsulind.

Stefnumótunin skal m.a. byggja á nýlegum gögnum sem liggja fyrir úr vinnu við yfirstandandi stefnumótunarvinnu við heildarstefnu Akraneskaupstaðar eins og svörum úr íbúakönnunum, starfsmannakönnunum, útkomu úr vinnustofum með forstöðumönnum og bæjarstjórn, sem og viðtölum við hagaðila. Einnig skal taka inn í vinnuna gögn frá barna- og ungmennapingi árið 2022 og bæjarstjórnarfundum unga fólksins. Þessu til viðbótar skal afla nýrra gagna eftir þörfum. Samkvæmt viljayfirlýsingu er möguleiki á að fá inn utanaðkomandi ráðgjafa til að stýra þessari vinnu.

Þegar tillaga að stefnu liggur fyrir verður verður hún lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar.

Helstu verkefni:

Meginverkefni starfshópsins verða eftirfarandi:

- *Yfirumsjón með vinnu við mótun stefnu fyrir Jaðarsbakkasvæðið sem nýtist til að styrkja uppbyggingu þar.*
- *Reglubundnir fundir um áherslur og nálgun, fjalla um álitamál og styðja við ferlið.*
- *Aðstoð og þátttaka við að fá fram álit íbúa og annarra hagaðila tengt stefnumótunni.*
- *Að leggja fram tillögu til bæjarráðs og bæjarstjórnar um fullgerða stefnu tengda ferðamálum fyrir uppbyggingu á Jaðarsbakkasvæðinu ásamt forgangsráðaðri aðgerðaáætlun til að hrinda stefnu í framkvæmd.*
- *Annað sem kann að skipta máli.*

Verklag:

Verkefnastjóri Akraneskaupstaðar, sem er starfsmaður starfshópsins, sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála. Starfshópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum starfshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar í bæjarráði.

Laun fulltrúa Akraneskaupstaðar í starfshópi greiðast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknunir fyrir nefndarstörf.

Ráðgjöf:

Til stendur að gera samning við utanaðkomandi ráðgjafa um að leiða stefnumótunarvinnuna í samvinnu við starfshóp, en starfshópurinn getur ákveðið að ekki sé þörf á slíkum aðila. Að auki getur starfshópurinn kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni.

Starfstími og skil.

Starfshópurinn skal leggja fyrir tillögu um stefnu fyrir Jaðarsbakkasvæðið á Akranesi í tengslum við uppbyggingu hótels, baðlóns og heilsulindar og forgangsraðaðri aðgerðaáætlun á fundi bæjarráðs eigi síðar en 24.08.2023.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar í starfshópnum:

Bæjarráð skipar eftirtalda aðila í starfshópinn:

- Líf Lárusdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar.
- Ragnar Sæmundsson, fulltrúi bæjarstjórnar.

Fulltrúar Ísoldar í starfshópnum:

- Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, formaður starfshóps
- Daníel Rúnarsson

Fulltrúar ÍA og KFÍA í starfshópnum

- Guðmunda Ólafsdóttir, ÍA
- Heimir Fannar Gunnlaugsson, KFÍA

Starfsmenn starfshóps:

- Valdís Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri
- Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi

- Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
- Steinar Adolfsson, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 16. mars 2023

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri